



SÓLHEIMAR
STÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Grímsnes- og Grafningshreppur
Borg
805 Selfoss

Sólheimum, 31. mars 2023.

Efni: Svar við erindi vegna mögulegs samstarfs Grímsnes- og Grafningshrepps og Sólheima um vatnsöflun.

Með bréfi Grímsnes- og Grafningshrepps, dags. 2. mars 2023, fer hreppurinn þess á leit við Sólheima að koma á samningi við hreppinn um vatnsöflun. Í bréfinu eru tíundaðir þeir kostir sem af slíku samstarfi gætu hlotist auk þess sem farið er yfir uppbyggingu, umfang og afkastagetu hjá Hitaveitu Sólheima eins og hún er í dag.

Bréfið var sent öllum stjórnarmönnum Sólheima til kynningar þann 2. mars sl. og var svo tekið fyrir á fundi stjórnar þann 30. mars sl.

Stjórn Sólheima þakkar Grímsnes- og Grafningshreppi kærlega fyrir sýndan áhuga og vilja til samstarfs í vatnsöflunarmálum.

Þær forsendur sem fram koma í erindi hreppsins fyrir mögulegum samstarfssamningi, telur stjórnin hins vegar ekki vera nægjanlegan grundvöll til samningsviðræðna að óbreyttu.

Virðingarfyllt,
f.h. Sólheima ses.



Kristín B. Albertsdóttir
Framkvæmdastjóri



SÓLHEIMAR
STÁLFBÆRT SAMFÉLAG

Sólheimar ses.
Kt. 610269-4519